

— *Bræf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til æflingar búnaði.* — Samkvæmt ítarlegri tillögum amtsráðsins og 2 8. okt. bræfum yðar, herra amtmáður, frá 20. f. m. og í framhaldi bræfs míns 17. júní p. á. samþykktist hjer með, að vefari Gunnar Ólafsson á Ási í Skagafjarðarsýslu fái 250 kr. styrk af fje því, sem ætlað er til æflingar búnaði, til að kaupa útland tóskaparverkfæri, að Magnús Þórarinnsson frá Halldórsstöðum í Laxárdal fái auk þess styrks, sem honum hefir verið lagður úr sýslusjóði Þingeyjarsýslu 250 kr. styrk úr landssjóði til að ferðast til útlanda og læra þar vjelasmíði, sjer í lagi smíði á tóvinnuáhöldum og að 200 kr. verði varið til launa handa 2 búfræðingum í Húnavatnssýslu með því skilyrði, að lögð verði þessum búfræðingum að minnsta kosti jafnmikil laun úr sýslusjóði.

Jarðabókarsjóðsávísun á þessar 700 kr. fylgir til þóknanlegrar ráðstafanar, og get jeg þess, að jeg hef ekkert á móti því, að búnaðarfjelagi Svinavatnshrepps verði lagður minnst 100 kr. styrkur af fje því, sem jeg hef falið amtsráðinu að útbluta til búnaðarfjelaga umdæmisins.

### Auglýsing.

Með því að nú hefir fengist áreiðanleg vissa fyrir því, að bólusóttin sje hætt að ganga í Kristíaníu og annarsstaðar í konungsríkinu Noregi, eru hjer með ráðstafanir þær, sem gjörðar voru með auglýsingu minni frá 23. júlí p. á. (stjórnartíðindi B. 111) úr gildi numdar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 11. dag októbermánaðar 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

### Fundaskýrslur amtsráðanna.

#### C.

*Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 30. júní til 2. júlí 1880.*

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum, Dr. phil Grími Thomsen, og prófasti síra Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram: a. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu fyrir árið 1879, b. Reikning fyrir styrktarsjóð konungslandsseta í suðuramtinu fyrir sama ár. Reikningar þessir voru yfirskoðaðir og fannst ekkert við þá að athuga.
2. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1879, og höfðu eptirrit af honum verið áður send hinum amtsráðsmönnum. Reikningur þessi var endurskoðaður og við hann gjörðar nokkrar athugasemdir:
  - a. Að fylgja skyldi framvegis, hver sem hin forna venja hafi verið, þeirri reglu, sem sett er í dómsmálastjórnarbræfi 1. nóv. 1861, að greiða hjeraðslæknum að eins borgun fyrir bólusetningu, þegar yfirvöldin hafa falið þeim á hendur að setja bólu.
  - b. Að framvegis ætti, eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, að falla burtu borgun sú, sem greidd hefir verið úr jafnaðarsjóði til hjeraðslæknisins í 2. læknishjæraði fyrir að vitja hinna holdsveiku á Suðurnesjum.